


22 ábendingar um yfirlestur og frágang texta

1. Ekki er hafður punktur á eftir fyrirsögn, hvorki aðalfyrirsögn né millifyrirsögn.
2. Punkt ætti að setja í lok töflu- og myndatexta ef textinn er meira en t.d. eitt nafn.
3. Ekki á að setja stafabil á undan spurningarmerki eða upphrópunarmerki !
4. Í skammstöfunum eru jafn margir punktar og orðin sem eru skammstöfuð. Orðin *til dæmis* eru skammstöfuð *t.d., síðastliðinn sl., næstkomandi nk., og svo framvegis o.s.frv., þar á meðal þ. á m.*
5. Á eftir erlendu skammstöfuninni ca (circa) er ekki settur punktur.
6. Íslenskar gæsalappir eru „svona“, eins og 99 og 66. Fyrri merkið er haft niðri og það seinna uppi – og það er ekki sama hvernig merkin snúa.
7. Ef dagsetningar eru skammstafaðar þarf að gera það rétt, t.d. *22. feb.–13. sept.* Muna þarf bæði eftir punktinum og bilinu á eftir honum.
8. Eitthvað kostar *500 kr.* – ekki *kr. 500.* Orðaröðin er óeðlileg þegar sagt er t.d. að pakkinn kosti krónur 500.
9. Gerður er greinarmunur á bandstriki og þankastriki. Þankastrik er langt – bandstrik er stutt -. Þankastrik er notað til að afmarka innskot, viðauka eða milli tölustafa, t.d. 1999–2009. Bandstrik eru notuð til að skipta orðum milli lína og til að tengja orð þegar það á við. Ekki er haft bil á undan eða eftir strikinu.
10. Bandstrik (stutt) er notað til að tengja saman erlent orð við íslenskt, sbr. Tukey-marktækniþróf.
11. Ekki á að blanda saman tölustöfum og bókstöfum í orðum eins og *tveggja, þriggja, tvisvar.* Því er ekki í lagi að skrifa *2ja, 3ja, 2svar.*
12. Til að tákna úrfellingu úr texta eru notaðir þrjú punktar, hvorki fleiri né færri, t.d. *svo bregðast krosstré ...*
13. Millifyrirsagnir eiga ekki að vera miðjusettar milli efnisgreina, þ.e. ekki á að hafa jafnlangt bil fyrir ofan þær og neðan.
14. Orðið *netið* er haft með litlum staf. Orðið *internet* er ekki lengur notað.
15. Aðeins eitt bil er haft á eftir punkti og kommu (ekki tvö eins og kennt var á ritvélum hér áður fyrr).

16. Taka þarf út öll aukabil, nota til þess „Find and Replace“. Slá inn tvö stafabil í efri gluggann og eitt í þann neðri.



17. Notaðu ætti orðskiptingar þar sem þörf er á. Það má gera með því að halda niðri Ctrl-takkanum og slá á - (lítið strík).

18. Leturbreytingar skal nota í hófi, feitt letur eða undirstrikun til áhersluauka er ekki æskilegt. Frekar skal nota skáletur.

19. Titlar greina og bóka sem koma fyrir í texta eiga að vera skáletraðir. Einnig heiti á hugbúnaði.

20. Ekki skal draga inn texta við fyrstu málsgrein hvers kafla enda eru þar ekki greinaskil.

21. Við greinaskil er notaður inndráttur eða línubil. Gæta þarf samræmis í öllum textanum.

a) Greinaskil með línubili

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit. Nam ultricies. Donec nibh ipsum, porta sed, tincidunt sit amet, fringilla ac, libero. Aliquam commodo, augue at lacinia aliquam, enim eros suscipit neque, eget tincidunt est enim vitae dolor. Sed tempus.

Ut quis sapien. Phasellus quis mauris volutpat ipsum luctus venenatis. Ut convallis augue nec lacus. Aenean consectetur, quam ac dictum pretium, sapien mi malesuada lectus, a faucibus enim erat et justo. Phasellus iaculis, ipsum eu pellentesque tincidunt, augue justo adipiscing risus, vitae lacinia risus nibh at neque. Pellentesque ut est vitae metus feugiat accumsan. Maecenas massa. Nunc eget orci.

b) Greinaskil með inndrætti

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit. Nam ultricies. Donec nibh ipsum, porta sed, tincidunt sit amet, fringilla ac, libero. Aliquam commodo, augue at lacinia aliquam, enim eros suscipit neque, eget tincidunt est enim vitae dolor. Sed tempus.

Ut quis sapien. Phasellus quis mauris volutpat ipsum luctus venenatis. Ut convallis augue nec lacus. Aenean consectetur, quam ac dictum pretium, sapien mi malesuada lectus, a faucibus enim erat et justo. Phasellus iaculis, ipsum eu pellentesque tincidunt, augue justo adipiscing risus, vitae lacinia risus nibh at neque. Pellentesque ut est vitae metus feugiat accumsan. Maecenas massa. Nunc eget orci.

22. Rekjanlegar breytingar – Track Changes – henta mjög vel við yfirlestur textaskjals, t.d. í hópvinnu. Hægt er að virkja TC með flýtylkinum Ctrl+Shift+E. Hægt er að aftengja eða slökkva á TC með Ctrl+Shift+E.